

# 04. fundur stjórnar Siðmenntar

14. mars 2024 | Zoom | kl: 20:00

Mætt:

**Í fjarfundartengingu:** Inga Auðbjörg Straumland, Hope Knútsson, Sigurður Rúnarsson, Arnar Snæberg Jónsson, Helga Bára Bragadóttir,, Kristín Sævarsdóttir og Eyjólfur Örn Snjólfsson framkvæmdastjóri.

Fjarverandi:

Kristín Helga Schiöth (aðalm.), Mördur Árnason (varam.), Guðni (varam.)

**Fundargerð ritar:** Eyjólfur Örn Snjólfsson, framkvæmdastjóri.

## Dagskrá

### 1. Starfsáætlun 2024

Gögn lögð fram af framkvæmdastjóra: [Skjal - Tillaga að starfsáætlun](#)

Ákveðið að áætlun nái yfir rúmt ár, t.d. 18 mánuði þ.a. hún sé ekki bara frá jan-des heldur t.d. jan-jun Y+1 þannig að hún nái yfir þá mánuði sem að stjórn starfar. Einnig að framkvæmdastjóri vinni meira með starfsáætlunina og setji hana í auðskiljanlegri búning.

Nýrri stjórn er í framhaldinu falið að gera starfsáætlun fyrir starfsárið.

### 2. Fjárhagsáætlun 2024

Gögn lögð fram af framkvæmdastjóra : [Skjal - Tillaga að fjárhagsáætlun 2024](#)

Núverandi tillaga að fjárhagsáætlun þykir ekki nægilega vel sundurliðuð hvað athafnir varðar og einnig má draga betur saman í efnisflokka undir annar kostnaður. Framkvæmdastjóri vinnur meira með áætlunina og sendir á stjórn fyrir aðalfund.

### 3. Ársreikningur 2023

Gögn lögð af framkvæmdastjóra: [Skjal - Ársreikningu 2024](#)

Ársreikningurinn hefur verið samþykktur af skoðunarmönnum. Við yfirlestur komu tvö atriði í ljós sem framkvæmdastjóri mun taka upp við bókhaldsfyrirtækið.

### 4. Tilnefningar til viðurkenninga fyrir aðalfund 2024

Gögn lögð fram af framkvæmdastjóra: [Skjal tilnefninga](#)

**Húmanistaverðlaun 2024:** Aðgerðarhópur kvenna. Þeim fylgja 200 þúsund kr.

**Fræðslu- og vísindaverðlaun 2024:** Geðhjálp. Þeim fylgja 200 þúsund kr.

**Sérstök viðurkenningarverðlaun:** Hope Knútsson. Hún fær einnig sérhannaðan skartgrip.

Rammar og blómvendur verða keyptir.

### 5. Lagabreytingatillaga fyrir aðalfund 2024

Tillögur hafa borist fyrir aðalfund: [Skjal - Lagabreytingatillögur](#)

**Breytingartillaga 1** frá Ingu Auðbjörgu Straumland

Núverandi grein: "4.2 gr Aðalfundur Boðað skal til aðalfundar skriflega með fjögurra vikna fyrirvara. Fundarboð skal sent með netpósti eða bréfleiðis. Auglýsing í útsendu fréttabréfi Siðmenntar jafngildir boðun á aðalfund"

Tillaga að breytingu:

"4.2 gr Aðalfundur Boðað skal til aðalfundar skriflega með fjögurra vikna fyrirvara á **vefmiðlum félagsins.**"

Greinargerð: Tillagan er gerð til samræmingar við starfshætti

**Breytingatillaga 2** frá Ingu Auðbjörgu Straumland

Núverandi grein: "5.1 Stjórn skipa fimm félagsmenn og fjórir til vara. Kjósa skal í stjórn, ráð, nefndir og aðrar trúnaðarstöður innan félagsins árlega nema formann. Skal kjörtímabil formanns vera tvö ár.

Formaður er kosinn sérstaklega, þá annað fólk í stjórn og loks varamenn. Önnur embætti innan stjórnar eru: varaformaður, gjaldkeri, ritari og meðstjórnandi. Ef fleiri eru í kjöri en fjöldi í stjórn segir til um skal viðhafa leynilega kosningu."

Siðmennt er aðili að eftirfarandi samtökum:

IHEU - International Humanist and Ethical Union

EHF - European Humanist Federation

MRSÍ - Mannréttindaskrifstofa Íslands

Tillaga að breytingu:

*“5.1 Stjórn skipa fimm félagsmenn og **tveir** til vara. Kjósa skal í stjórn, ráð, nefndir og aðrar trúnaðarstöður innan félagsins árlega nema formann.*

*Skal kjörtímabil formanns vera tvö ár.*

*Formaður er kosinn sérstaklega, þá annað fólk í stjórn og loks varamenn.*

*Önnur embætti innan*

*stjórnar eru: varaformaður, gjaldkeri, ritari og meðstjórnandi. Ef fleiri eru í kjöri en fjöldi í stjórn segir til um skal viðhafa leynilega kosningu.”*

Greinargerð: Varafulltrúar hafa almennt tekið virkan þátt í störfum stjórnar, og telur hún því í raun 9 fulltrúa. Hætta er á því að umboð og frumkvæði dreifist um of í svo stórri stjórn, og sjaldan þarf að bæta svo mörg sæti í framkvæmdastjórn upp að til þess þurfi fjögurra manna varastjórn. Tvö sæti ætti að vera nægjanlegt til að bregðast við tímabundnum breytingum, og séu svo miklar sviftingar í stjórn að hún verði óstarfhæf sökum brottfalls er vafalaust kominn tími á aukaaðalfund.

## **6. Framboð hafa borist til stjórnar fyrir aðalfund 2024**

### **Framboð til aðalstjórnar**

Sigurður Rúnarsson

Erla Sigurlaug Sigurðardóttir

Viggó E. Viðarsson

Kristrún Ýr Einarsd

~~Kristín Sævarsd (dró framboð tilbaka)~~

### **Framboð til varastjórnar**

Mörður Árnason

Benedikt Sigurðarson

~~Guðni Rúnar Jónasson (dró framboð tilbaka?)~~

Helga Bára Bragadóttir

Ákveðið að áréttu í facebook hópum félagsins að ekki bárust nægileg framboð til varastjórnar og mun því verða tekið við framboðum á aðalfundi.

## 7. Önnur mál

### Virknieiningar

Tillaga frá athafnaráði að auka viðmiðunarathafnafjölda í fjóra. Tillaga var samþykkt með einni hjásetu.

Í núverandi virkniviðmiðum segir:

Til að teljast virkur athafnarstjóri þarf viðkomandi að:

- Hafa tekið að sér a.m.k. 2 athafnir á síðustu 12 mánuðum.
- Hafa unnið sér inn í það minnsta 4 virknieiningar á síðustu 12 mánuðum.

Eftir breytinguna verða viðmiðin eftirfarandi (breytingin er feitletruð):

Til að teljast virkur athafnarstjóri þarf viðkomandi að:

- Hafa tekið að sér a.m.k. **4 athafnir** á síðustu 12 mánuðum.
- Hafa unnið sér inn í það minnsta 4 virknieiningar á síðustu 12 mánuðum.

Tekur breytingin strax gildi fyrir þetta ár.

Að því sögðu þá verður, eins og áður, tekið tillit til þeirra sem vegna staðsetningar eiga erfiðara með að mæta breyttum viðmiðum.

### Streyma aðalfund

Aðalfundurinn skal vera aðgengilegri með því að streyma beint frá honum inni á Siðmenntarspjallsíðunni á Facebook. Varaformaður mun gera sitt besta til að tengja búnað og setja beint streymi í gang af fundinum.

### Ákvörðunarlisti

Atriði
Framkvæmdastjóri fer yfir starfsáætlun og fjárhagsáætlun
Endanleg gerð starfsáætlunar í höndum nýrrar stjórnar
Ársreikningur samþykktur, smá orðaleiðréttingar í viðbót
Framkvæmdastjóri greiðir 2 x 200 þúsund í viðurkenningar
2 lagabreytingatillögur verða lagðar fram með stuðningi stjórnar
Eitt framboð vantar í varastjórn. Upplýsingar um það settar inn á

Siðmennt er aðili að eftirfarandi samtökum:

IHEU - International Humanist and Ethical Union

EHF - European Humanist Federation

MRSÍ - Mannréttindaskrifstofa Íslands

facebook hópa félagsins.
Virknieiningaviðmiðum breytt úr 2 í 4 athafnir
Streymt verði beint frá aðalfundi

Siðmennt er aðili að eftirfarandi samtökum:

IHEU - International Humanist and Ethical Union

EHF - European Humanist Federation

MRSÍ - Mannréttindaskrifstofa Íslands